

14. júlí 1971.

217

Nr. 74.

AUGLÝSING

um skipting starfa ráðherra.

Samkvæmt tillögu forsætisráðherra og með skírskotun til 15. gr. stjórnarskrárinnar, laga nr. 73/1969, um Stjórnarráð Íslands, og reglugerðar samkvæmt þeim frá 31. desember 1969, er störfum þannig skipt með ráðherrunum:

Ólafur Jóhannesson fer með forsætisráðuneytið og dóms- og kirkjumálaráðuneytið.

Einar Ágústsson fer með utanríkisráðuneytið.

Halldór E. Sigurðsson fer með fjármálaráðuneytið og landbúnaðarráðuneytið.

Hannibal Valdimarsson fer með félagsmálaráðuneytið og samgönguráðuneytið.

Lúðvík Jósefsson fer með sjávarútvegsráðuneytið og viðskiptaráðuneytið.

Magnús Kjartansson fer með heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið og iðnaðaráðuneytið.

Magnús Torfi Ólafsson fer með menntamálaráðuneytið og Hagstofu Íslands.

Skipun og starfsemi framkvæmdastofnunar, sem sett verður á fót, heyrir undir ríkisstjórnina sameiginlega.

Með úrskurði þessum falla úr gildi eldri ákvæði um skipting starfa ráðherra.

Forsætisráðuneytið, 14. júlí 1971.

Ólafur Jóhannesson.

Guðmundur Benediktsson.